

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Steinadalsvegur (690), Vestfjarðavegur – Ólafsdalur. Svar við umsögn Dalabyggðar.

Vegagerðin hefur móttakið umsögn Dalabyggðar, dags 14. apríl 2023, vegna könnunar á matsskyldu fyrirhugaðrar framkvæmdar á Steinadalsvegi í sunnanverðum Gilsfirði, Dalabyggð.

Í umsögn Dalabyggðar er bent á að ef vegstæðið fari nær stórstraumsfjöru en 50 m skuli leita álits Breiðafjarðarnefndar.

Síða 1/1

Vegagerðin þakkar ábendinguna. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er möguleiki á að vegsvæðið verði lítillega innan 50 m frá stórstraumsfjöru milli stöðva 5500 – 5850. Þegar er hafið samráð við Breiðafjarðarnefnd vegna þessa.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sóley Jónasdóttir

Undirskrift

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Steinadalsvegur (690), Vestfjarðavegur (60)-Ólafsdalur. Svar við umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Vegagerðin hefur móttekið umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 30. mars 2023. Í henni kemur eftirfarandi fram:

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að í kynningarskýrslu, töflu 6 í kafla 3.2.3, stendur „Ólafsfjarðareyrar“ en líklega eigi að standa Ólafsdalseyrar.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin þakkar ábendinguna. Um misritun er að ræða í skýrslu og að sjálfsögðu á að standa Ólafsdalseyrar.

Síða 1/1

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands óskar eftir nánari upplýsingum um starfsmannabúðum í næstu útgáfu gagna fyrir framkvæmdina, þ.e. hver staðsetningin verður, hvernig verður öflun á neysluvatni háttáð svo og fyrirkomulag fráveitu fyrir aðstöðuna. Þá ber að gæta að geymslu olíuefna á vinnusvæði og hvernig þeim málum verður háttáð, þ.e. magn staðsetning og geymsluelningar olíu.

Svar Vegagerðarinnar:

Í kynningarskýrslu, kafla 1.8, kemur fram að sótt verður um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir tímabundinni aðstöðu, s.s. verktakaaðstöðu og starfmannabúðum, samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig kemur fram að sækja þurfi um starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ef mótnuneyti verður sett upp í tengslum við framkvæmdina samkvæmt ákvæðum matvælalaga nr. 93/1995.

Svæði undir verktakaaðstöðu og vinnubúðir hefur ekki verið skilgreint og er það í höndum verktaka að gera það í samráði við landeigendur, sveitarstjórn og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Öll slík ákvæði framkvæmdarinnar munu koma fram í útboðsgögnum og eftirlit verður með framfylgd þeirra.

Vegagerðin
Sudurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sóley Jónasdóttir

Undirskrift
Gðýr Jónasdóttir

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Steinadalsvegur (690), Vestfjarðavegur (60)-Ólafsdalur. Svar við umsögn Landsnets.

Vegagerðin hefur mótttekið umsögn Landsnets, dags 29. mars 2023, vegna könnunar á matsskyldu fyrirhugaðar framkvæmdar á Steinadalsvegi í sunnanverðum Gilsfirði, Dalabyggð.

Landsnet bendir á að ekki megi hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu og að upplýsa skuli Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærrí spennuhafa háspennulína. Einnig sé hugsanlegt að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Þá bendir Landsnet á að samráð skuli haft við fyrirtækið um framkvæmdirum innan helgunarsvæða háspennulína á vegum fyrirtækisins og að einnig þurfi leyfi Landsnets vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.

Síða 1/1

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin mun hafa samráð við Landsnet um framkvæmdina og sækja um framkvæmdaleyfi.

Í úboðsgögnum verður ítrekað að ekki megi hefja vinnu innan helgunarsvæðis flutningsvirkisins á svæðinu nema fyrir liggi heimild Landsnets.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sóley Jónasdóttir

Undískrift

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

**Steinadalsvegur (690), Vestfjarðavegur-Ólafdalur. Svar við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.**

Vegagerðin hefur mótttekið umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 29. mars 2023.

Í henni kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði liggi á um 460 m kafla innan svæðis á C-hluta náttúruminjaskrár þar sem finnast merk sjávarsetlög með skeljaleifum frá lokum ísaldar. Á framkvæmdasvæðinu er einungis um enduruppbryggingu vegarins að ræða og því ekki stórt svæði sem verður raskað. Engu að síður ætti að láta Náttúrufræðistofnun vita ef fornskeljar finnast við sunnanverðan Gilsfjörð þar sem rannsóknir á setlögum skortir.

Síða 1/1

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin mun sjá til þess að fylgst verði með framkvæmdinni m.t.t. fornskelja í setlögum og tilkynnt til Náttúrufræðistofnun Íslands ef slíkt finnst. Það verður ítrekið í útboðsgögnum.

Þess má þó geta að á því svæði sem vegurinn verður endurbyggður innan náttúruverndarsvæðis, verður hann allsstaðar lagður á fyllingu, og hvergi um skeringar að ræða.

Vegagerðin
Sudurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sóley Jónasdóttir

Underskrift



Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

**Steinadalsvegur (690), Vestfjarðavegur-Ólafsdalur. Svar við umsögn
Fiskistofu**

Vegagerðin hefur móttekið umsögn Fiskistofu, dagsett 2. mars 2023. Í henni bendir Fiskistofa á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka sem áhrif getur haft á lífriki vatnsins eða aðstæður til veiði er er háð leyfi Fiskistofu, samanber 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Svar Vegagerðarinnar: Vegagerðin mun sækja um leyfi til Fiskistofu áður en framkvæmdir hefjast eins og fram kemur í kafla 1.8 um lög og leyfisveitendur, bls. 10 í kynningarskýrslu.

Síða 1/1

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sóley Jónasdóttir

Undískrift

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is